



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. P132/1069
komudagur 27.2.2006.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2006
Tilvísun: 200602-0022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.


Afstaða Alþýðusambandsins til frumvarpsins grundvallast á þeirri sýn að raforka sé ein af mikilvægustu forsendum lífskjara hér á landi. Uppbygging atvinnulífs ræðst að miklu leyti á ódýrri orku. Fram til þessa hefur verið litið á raforkudreifingu sem samfélagslega þjónustu og uppbyggingu dreifikerfisins sem samfélagslega fjárfestingu sem allir íbúar landsins njóti. RARIK hefur gengt lykilhlutverki við uppbygging dreifikerfis og dreifingu raforku til íbúa og fyrirtækja í dreifðum byggðum landsins. Með því hefur RARIK tekið þátt í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Mikilvægt er að tryggja íbúum og fyrirtækjum á landsbyggðinni áfram raforku á hagstæðu verði. Forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs í framtíðinni er hagstætt raforkuverð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um RARIK og að það verði áfram að fullu í eigu ríkisins. Frumvarpið gerir því ekki ráð fyrir að breyting verði á eignarhaldi félagsins, en ljóst er að breytingar á eignarformi geta haft áhrif á fjármögnunarkostnað fyrirtækisins vegna bakábyrgðar ríkisins. Óljóst er hvaða áhrif það kann að hafa á raforkuverð. Alþýðusambandið telur mikilvægt að RARIK verði áfram í opinberri eigu, hvort sem um er að ræða í eigu sveitarfélaga eða ríkisins, til að tryggja sem best samfélagslega ábyrgð í uppbyggingu raforkukerfisins.

Alþýðusambandið leggur áherslu á það að breytt rekstrarform RARIK leiði ekki til aukinnar samþjöppunar á raforkumarkaði og dragi þannig úr samkeppni með tilheyrandi hækkunum á raforkuverði til heimila og fyrirtækja.

Alþýðusambandið leggst ekki gegn frumvarpinu að sinni en áskilur sér rétt til að koma síðar á framfæri athugasemdum gefist tilefni til þess.

F.h. Alþýðusambands Íslands,


Ingunn S. Þorsteinsdóttir,
hagfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/32/1088
komudagur 27.2.2006.



Reykjavík, 27. febrúar 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, þskj. 474, 392. mál.

Ofangreint frumvarp hefur borist BSRB til umsagnar. BSRB leggst alfarið gegn því að frumvarpið verði að lögum með eftirfarandi athugasemdum:

BSRB leggur áherslu á að líta beri á raforkukerfi landsins sem hluta af grunnþjónustu sem eigi að vera á vegum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 3. grein frumvarpsins er ætlunin að Rafmagnsveitur ríkisins skuli vera eign ríkissjóðs og fari Iðnaðarráðuneytið með eignarhlutinn. Ekki er auðvelt að átta sig á hvað vakir fyrir stjórnvöldum með þessari breytingu. Tvennt hlýtur að koma til álita. Í fyrsta lagi að til standi að selja rafmagnsveiturnar, nokkuð sem BSRB varar eindregið við enda reynslan erlendis frá af einkavæðingu þessarar starfsemi mjög slæm. Hitt atriðið sem kemur til álita varðar kjör starfsmanna, en í athugasemdum með frumvarpinu segir að með hlutafélagsforminu verði „reksturinn sveigjanlegri.“ Hér er væntanlega verið að vísa til réttarstöðu starfsmanna sem er veikt með þessu frumvarpi. Í umsögn BSRB er fyrst og fremst staðnæmst við réttarstöðu starfsmanna.

Almennt um lagabreytingarnar

Eftir hlutafélagavæðingu þurfa Rafmagnsveitur ríkisins ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 er ætlað að gilda við aðstæður sem þessar, þ.e.a.s. þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Með þessum lögum stendur hins vegar til að setja ákvæði, sem taka almennu lögum um ríkisstarfsmenn úr sambandi. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögum í stað þess að víkja sér undan þeim jafnan þegar á þau reynir. Þá þurfa ríkisstarfsmenn ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki standast þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki alltaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögum látin gilda en þegar sambærilegar breytingar

ná til stærri stofnana eru almennu lögin tekin úr sambandi. Þetta er lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni.

Athugasemdir varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna.

Rafmagnsveitur ríkisins verða samkvæmt frumvarpinu lagðar niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í 7. grein frumvarpsins.

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna þegar stofnunin verður lögð niður og hlutafélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá Rafmagnsveitum ríkisins, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfsemi. Áfram eiga Rafmagnsveitur ríkisins að heyra undir ríkið. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hf verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Í sjöundu greininni er vísað til þess að þau lög sem þar eru nefnd skulið eiga við „eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins.“ Í umsögn um þessa lagagrein er ekki kveðið eins afdráttarlaust að orði. Þar segir: „Gert er ráð fyrir að öllum núverandi starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja fyrirtæki.“ Þetta er ekki afdráttarlaus yfirlýsing, fremur samkvæmt formúlunni, „eftir því sem við á.“

Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa Rafmagnsveitur ríkisins undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingu á lausum störfum o.s.frv. Eins og að ofan greinir mun þetta m.a. hafa þau áhrif að Rafmagnsveitur ríkisins munu hvorki þurfa að fylgja lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar né fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu

stjórnvalda. Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), er að mati BSRB ekki nægjanlegt þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð.

Samkvæmt aðilaskiptalögunum nr. 72/2002 eiga Rafmagnsveitur ríkisins hf að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í aðilaskiptalögunum nr. 72/2002 segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði.

Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlífendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum í þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögunum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi s.s. orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Þetta þýðir að þó nýr aðili taki við þá eiga laun og önnur starfskjör starfsmanna ekki af þeirri ástæðu einni að taka breytingum. Í ráðningarsamningi Rafmagnsveitna ríkisins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um

réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild LSR starfsmaður greiði. Er það því álit BSRB að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnum til Rafmagnsveitna ríkisins hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum. Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti. Þá þarf að hafa í huga meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Þegar stjórnvald tekur íþyngjandi ákvörðun þarf að velja þá leið sem er vægust fyrir þá sem ákvörðunin lýtur að. Ekki er verið að gæta þess í þessu frumvarpi.

Biðlaunaréttur starfsmanna skv. frumvarpinu:

Margt er óljóst um biðlaunarétt starfsmanna. Sem dæmi þá er ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá Rafmagnsveitum ríkisins hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá Rafmagnsveitum ríkisins hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. Tryggja þarf sömu réttindi fyrir starfsmenn þessarar stofnunar sem ákveða að taka ekki starfi hjá félaginu.

Lífeyrisréttur starfsmanna

Í frumvarpinu segir í 8. grein að starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálf starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frýsting á laununum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá Rafmagnveitum

ríkisins því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

BSRB bendir á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Íslandspósts og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er stór hópur ríkisstarfsmanna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli.

Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR.

Hver er réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi um Rafmagnsveitur ríkisins hf?

Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins hf. og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Er því nauðsynlegt að mati BSRB að gengið yrði tryggilega frá því að allir starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins ættu rétt á því að vera í LSR, og að það næði einnig til nýðráðinna.

BSRB vísar í því sambandi á 3. gr. í aðilaskiptalögunum sem fjallað er um hér að framan, þ.e. að aðilaskipti geti aldrei leitt til skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða.

Samningsréttur.


BSRB leggur mikla áherslu á að tryggt verði að Rafmagnsveitur ríkisins virði rétt stéttarfélaganna starfsmanna sem gera kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna, til að semja áfram við hlutafélagið, verði það að veruleika, bæði fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðinna. Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofnana sl. ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirra stofnana haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan

Rafmagnsveitna ríkisins. Æskilegt væri að frá þessu yrði gengið áður en lögin koma til afgreiðslu.

Það er hins vegar eindregin afstaða BSRB, með tilvísun í það sem hér hefur verið rakið, að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

F.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir



Dagsetning 22. febrúar 2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið felur í sér þá formbreytingu að stofnað verði hlutafélag um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, sem yrði að fullu í eigu ríkisins. Iðnaðarráðherra færi með hlut ríkisins í hlutafélaginu. Meginrökstuðningur er m. a. að hlutafélagaform henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við og talið að reksturinn verði sveigjanlegri varðandi fjárfestingar og að nýjungar í rekstri verði auðveldari í framkvæmd. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið hafa önnur orkufyrirtæki hér á landi valið hlutafélagaform að undanskilinni Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun sem eru sameignarfélög.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarpið.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 132/1103

komudagur 1.3.2006



Iðnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2006
SÞ/hó

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins

Tilv: 2006020012

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar dags. 8. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur kynnt sér frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 132/1137
komudagur 3.3.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 1. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/893
komudagur 17.2.2006



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 15. febrúar 2006

Tilvísun: 06020419/04.00/ÁJ

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál

Það tilkynnist hér með að Fasteignamat ríkisins hefur ekki athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.

F.h. Fasteignamats ríkisins


Ástríður Jóhannesdóttir

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 132/958
komudagur 22.2.2006.

Nefndasvið Alþingis
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

21. febrúar 2006
Tilvísun: 2006020024


Efni: Umsögn um frumvarp um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 8. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál. Með frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra stofni hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og að allar eignir og skuldir, réttindi og skuldbindingar núverandi fyrirtækis renni til hins nýja hlutafélags.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og tekur ekki afstöðu til efnis þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Björg Fengel



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

21. febrúar 2006

Varðar: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja hf (HS hf) um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins (Rarik).

Almennt séð telur HS hf eðlilegt og sjálfsagt að orkufyrirtækin séu rekin í hlutafélagsformi og sú mismunun sem felst í sjálfkrafa eigenda(rikis)ábyrgð verði afnumin. Þetta á þó í raun frekar við um Landsvirkjun þar sem ríkissjóður á 50%. HS hf telur þó eðlilegast að ríkissjóður hætti þessum rekstri og leitaði eftir samkomulagi um sölu á Rarik við þau orkufyrirtæki í landinu sem óskað hafa eftir viðræðum þar um við iðnaðarráðuneytið (HS hf, OR og Norðurorka hf).

Þrátt fyrir ofangreinda skoðun HS hf er rétt að vekja athygli á að það sem kallað er meginröksemd í athugasemdum með frumvarpinu stenst illa nánari skoðun, miðað við atburði síðustu vikna. Með því er átt við þau áform Rarik, OV og Landsvirkjunar að stofna sameiginlegt fyrirtæki sem annist raforkusöluna og yfirtaki í meginatriðum virkjanir Rarik og OV, auk Laxárvirkjunar sem Landsvirkjun á. Miðað við að þau áform gangi eftir þá er sú röksemd að breyta þurfi Rarik í hlutafélag vegna samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku gjörsamlega fallin um sjálfa sig.

Í 3. grein segir að öll hlutabréf í félaginu skuli vera eign ríkissjóðs og að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins í félaginu. HS telur bæði þessi atriði mjög óeðlileg. Varðandi eignarhaldið vísast til 1. málsgreinar hér að ofan en varðandi hitt atriðið, þ.e. að iðnaðarráðherra fari með eignarhlutinn, þá ítrekar HS hf fulla andstöðu við þetta tvíhliða hlutverk iðnaðarráðherra þ.e. að vera bæði faglegt yfirvald orkumála og fara svo með eignarhlut í stórum hluta orkumarkaðarins. HS hf telur að eignarhlutur í slíku fyrirtæki, verði það áfram starfrækt í núverandi mynd, sé mun betur kominn hjá fjármálaráðherra á hverjum tíma.

Sem dæmi um ókosti þess að sami ráðherra fari með bæði hlutverkin má taka spurningu sem t.d. vaknaði við lestur greinar í Fréttablaðinu þann 3. febrúar s.l. (sjá meðf. ljósrit). Í greininni er iðnaðarráðherra nokkuð stóryrtur og segir m.a.:

”Þeir gátu leyft sér ýmislegt í gamla kerfinu, eins og til dæmis að byggja skrauthýsi og annað slíkt. Þeir voru raunar eins og kóngar í ríki sínu.”


Framar í greininni kemur fram að þessir "þeir" eru forstjórar HS hf, OR, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur, þ.e. forstjórar þeirra fyrirtækja á raforkumarkaði sem ekki heyra undir iðnaðarráðherra, beint eða óbeint. Því hlýtur sú spurning að vakna í hvaða hlutverki ráðherra var þegar þessi ummæli og önnur stóryrði féllu. Voru þau hvöss og fððurleg umvöndun frá ráðherra orkumála eða er þetta hluti af markaðssetningu fyrirtækja ráðherrans í hinu meinta nýja samkeppnisumhverfi? Það að reyna að kasta rýrð á samkeppnisaðila er þekkt og gömul aðferð í samkeppni og þá getur verið gott fyrir viðkomandi að geta látist tala undir öðrum merkjum en beint snúa að málinu, en það er um leið jafn óeðlilegt og slæmt fyrir þolendur slíkra vinnubragða!

Þá er rétt að benda á raforkulögin, þar sem ráðherra orkumála beitti sér mjög fyrir lagasetningu sem augljóslega var til hagsbóta fyrir þau orkufyrirtæki sem undir þann sama ráðherra heyra, á kostnaða annara orkufyrirtækja og viðskiptavini þeirra.

Að lokum er bent á villur í dagsetningum í 9. og 11. grein.

Virðingarfyllt,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf



Júlíus Jónsson
forstjóri

Frjálsræðið stöðvar konunga orkuveitna

Iðnaðarráðherra segir fyrsta ár frjáls markaðar í sölu á raforku verða tilrauna-ár. Breytingarnar séu til batnaðar. Verð hafi ekki hækkað þegar litið sé á heildina. Forstjórar orkuveitna séu ósáttir við að lúta aðhaldi og eftirliti.

ORKUMÁL „Samkeppnin á raforkumarkaði mun þróast. Engum datt í hug að við myndum detta inn í fullskapað samkeppnisumhverfi á fyrsta degi,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Forstjórar Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Húsavíkur og Norðurorku gagnrýna samkeppnisumhverfið sem nýju raforkulögin eiga að tryggja. Heildsöluverð Landsvirkjunar sé of hátt. Þeir eigi enga umframorku til að bjóða stærri viðskiptavinum hagstæð kjör. Samkeppni ríki því ekki á markaðnum og verðið hafi hækkað.

Valgerður segir fyrsta ár frjálsrar samkeppni á raforkumarkaði tilraunaár. „Fyrirkomulagið er mjög gott þegar á heildina er litið.“ Farið hafi verið úr ákaflega ógegnsæju kerfi inn í gegnsærra. Það skipti máli. Breytingarnar hafi verið gerðar vegna tilskipana Evrópusambandsins. Þær hafi einnig fallið að stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ráðherra er ósammála forstjórum orkuveitnanna sem segja engan ávinning af nýju lögunum. Hún bendir á að raforkuverð hafi ekki hækkað á landsvisu vegna breytinganna: „Í skýrslu sem ég dreifði á Alþingi um raforkumál kemur fram að rekja megi tveggja til fjögurra prósent hækkun á raunverði rafmagns suðvestanlands til lagabreytinganna. Með sama hætti má rekja lækkun á veitusvæði rafmagnsveitna ríkisins til breytinganna, einkum í þéttbýli.“ Hún bendir á að vísitala



ÚR VÍGI HITAVEITU SUÐURNESJA Bláa lónið er afrakstur Hitaveitu Suðurnesja. Forstjóri veitunnar hefur gagnýnt að þurfa að greiða fyrir flutning orku um kerfi Landsnets sem hann flytji ekki um kerfið. Iðnaðarráðherra segir hann ekki eiga að kvarta þótt hann búi ekki lengur í gósenlandi.

neysliverðs hafi hækkað frá janúar 2004 til 2006 um 8,5 prósent en rafmagnshluti vísitölunnar aðeins um 7,1 prósent. Sé litið til síðasta árs komi í ljós að vísitala neysliverðs hafi hækkað um 4,4 prósent en rafmagnshluti vísitölunnar hafi lækkað á sama tíma um tæpt prósent.



Valgerður telur forstjórana fyrst og fremst óánægða með að þeir lúti auknu aðhaldi og eftirliti. „Þeir gátu leyft sér ýmislegt í gamla kerfinu, eins og til dæmis að byggja skrauthýsi og annað slíkt. Þeir voru í raun eins og kóngar í ríki sínu,“ segir Valgerður. Jafnræðis sé nú gætt milli fyrirtækjanna.

Þá blæs Valgerður á þá túlkun forstjóra Hitaveitu Suðurnesja að flutningskostnaðurinn sé í raun skatttekjur til ríkisins: „Hitaveita Suðurnesja lifði í gósenlandi í gamla kerfinu. Hún þurfti ekki að borga til flutningskerfisins nema að litlu leyti, en önnur fyrirtæki þurftu að gera það að öllu leyti.“ Misréttið hafi verið leiddrétt.

gag@frettabladid.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/924
komudagur 20.2.2006



Nefndasvið Alþingis
b.t.: iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 20.02.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins

Landsvirkjun hefur borist bréf iðnaðarnefndar, dags. 8. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst

Örlygur Þórðarson
Örlygur Þórðarson
yfirmaður lögfræðimála



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1189
komudagur 7.3.2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. mars 2006
2006020011/42-1
KHS/rsb

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál

Vísað er til bréfs Iðnaðarnefndar Alþingis frá 8. febrúar sl. varðandi umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Náttúrufræðistofnun biðst forláts á síðbúnu svari og gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri





Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar. Norðurorka hf. telur með tilliti til nýskipunar raforkumála að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Vitað er að áhugi dreifiveitnanna er fyrir hendi. Það er ekki hlutverk ríkisins að reka raforkudreifiveitu frekar en símadreifikerfi. Áhugi er einnig fyrir hendi hjá orkufyrirtækjum að kaupa hitaveitur Rarik. Hvað varðar vatnsaflsvirkjanir Rafmagnsveitna ríkisins ætti það að vera keppikefli ríkisins að selja þær á frjálsum markaði til að stuðla að aukinni samkeppni á sviði raforkuframleiðslu í nýju markaðsumhverfi raforkuframleiðslu og sölu. Hugmyndir orkufyrirtækja ríkisins um stofnun raforkusölufyrirtækis þar sem m.a. virkjanir Rarik yrðu lagðar inn sem hlutafé ganga þvert á þá meginreglu að ríkið skuli ekki vera þátttakandi í fyrirtækjarekstri á samkeppnismarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 3. gr. “ Öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu vera eign ríkissjóðs ” Það er mat Norðurorku hf. að óþarft sé að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins þar sem ríkissjóður skal vera eini hluthafinn það þýðir að mestu óbreytt ástand frá því sem nú er. Sé það ætlun ríkisins að selja síðar hluti í félaginu er eðlilegt að orða þetta ákvæði öðruvísi, t.d. “ Öll hlutabréf í félaginu skulu í upphafi vera í eigu ríkissjóðs ”. Með því að hafa þessi stífu ákvæði um eignarhald hlutafjár er sá ásetningur er fram kemur í 5. lið athugasemda með frumvarpinu “að með þessu móti sé opnað fyrir möguleika á að aðrar orkuveitur geti orðið hluthafar í félaginu ” þrengdir verulega. Síðan segir áfram í 3. gr. “ Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu ” Verði af stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins telur Norðurorka hf. fráleitt að Iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Iðnaðarráðherra er ráðherra orkuviðnæðis alls og einnig yfirmaður Orkustofnunar sem er eftirlits og úrskurðaraðili í raforkumálum samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003. Iðnaðarráðherra ber því að gæta jafnræðis og má ekki að vera í þeirri stöðu að þurfa að gæta hagsmuna eins orkufyrirtækis sérstaklega sem fulltrúi eiganda þess.

Um 9.gr. Breyta þarf dagsetningu stofnfundar.

Um 10. gr. Réttasta mat á verðmæti Rarik fæst með því að bjóða fyrirtækið til sölu sbr. almennar athugasemdir Norðurorku hf.

Um 11. gr. breyta þarf dagsetningu í greininni.

Virðingarfyllst,
Akureyri, 21. febrúar 2006.
Fh. Norðurorku hf.



Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1037
komudagur 24.2.2006



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2006
Tilvísun: 2006020020
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Orkustofnun hefur þann 13. febrúar 2006, borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 8. s.m., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreint frumvarp.

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að breyting verði á réttindum eða skyldum fyrirtækisins skv. raforkulögum eða öðrum lögum sem Orkustofnun starfar eftir við breytingu þá sem verður á rekstrarformi, verði frumvarpið að lögum. Orkustofnun gerir því ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Þorkell Helgason
orkumálastjóri

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 132/971
komudagur 23.2.2006

Umsögn Orkuveitu Húsavíkur um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Orkuveita Húsavíkur ehf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

OH telur með tilliti til nýskipunar raforkumála að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins hver á sínu svæði. Hugmyndir orkufyrirtækja ríkisins um stofnun raforkusölufyrirtækis þar sem m.a. virkjanir Rarik yrðu lagðar inn sem hlutafé ganga þvert á þá meginreglu að ríkið skuli ekki vera þátttakandi í fyrirtækjarekstri á samkeppnismarkaði.

OH telur fráleitt að Iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Iðnaðarráðherra er ráðherra orkuiðnaðarins alls og einnig yfirmaður Orkustofnunar. Iðnaðarráðherra ber því að gæta jafnræðis og má ekki að vera í þeirri stöðu að þurfa að gæta hagsmuna eins orkufyrirtækis sérstaklega sem fulltrúi eiganda þess.

Virðingarfyllst,
Húsavík, 22. febrúar 2006.
Fh. Orkuveitu Húsavíkur.

Hreinn Hjartarson

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20.2.2006
GP/is

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Orkuveita Reykjavíkur telur það vera ákvörðunarmál eigenda hverju sinni hvaða rekstrarform þeir velja á fyrirtæki sín. Samt sem áður þykir rétt að benda á eftirfarandi.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins fer iðnaðarráðherra með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu. Iðnaðarráðherra er fer einnig með hlut ríkisins í Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða. Iðnaðarráðherra veitir orkufyrirtækjum leyfi til rannsóknar og nýtingar á grundvelli laga 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og virkjunarleyfi á grunvelli raforkulaga nr. 65/2003. Orkuveita Reykjavíkur, sem starfar á samkeppnismarkaði, þarf því að sækja um margvísleg leyfi til iðnaðarráðherra sem á sama tíma er yfirmaður þriggja annarra orkufyrirtækja.

Orkuveita Reykjavíkur er þeirrar skoðunar að það samræmist engan veginn samkeppnissjónarmiðum eða almennum sjónarmiðum um jafnræði og gegnsæi að yfirmaður þriggja raforkufyrirtækja á samkeppnismarkaði veiti einnig leyfi til rannsóknar og nýtingar og virkjunarleyfi. Því þarf að gera breytingu á frumvarpinu og færa forræði á hlut ríkisins til annars stjórnvalds, t.d. fjármálaráðherra. Að öðrum kosti verður að gera breytingar á lögnum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og raforkulögum og færa leyfisveitingar til annars aðila sem er óháður iðnaðarráðherra, ráðneyti hans og undirstofnunum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.

Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu, einkum þegar litið er til þess megin sjónarmiðs sem raforkulögin frá 2003 byggja á, sem er að reyna að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

Samkvæmt fréttatilkynningu RARIK, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar frá 17. janúar s.l. hefur stjórn RARIK, samkvæmt heimild í gr. 7.11 fjárlaga 2006 ákveðið að stofna sölufyrirtæki á raforkumarkaði með Orkubúi Vestfjarða og Landsvirkjun. Munu virkjanir

RARIK og sölukerfi verða lagðar inn í hið nýja sölufyrirtæki. RARIK mun því framvegis verða dreifiveita sem starfar á grunvelli einkaleyfis og mun hvorki stunda vinnslu né viðskipti með raforku á samkeppnismarkaði.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðmundur Þóroddsson', written in a cursive style.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR


TILVITNUN VOR
TPH/hp

DAGSETNING
22.02.2006

Varðar: Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins 392. mál.

Rafmagnsveitur ríkisins gera ekki athugasemdir við framlagt frumvarp.


Virðingarfyllt,



Tryggvi Þór Haraldsson
rafmagnsveitustjóri

RA-9636

Alþingi
Erindi nr. P 132/972.
komudagur 23.2.2006.



SAMBANDS SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Nefndasvið Alþingis,
B/t Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

22. febrúar 2006

Varðar: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) þann 20. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 8/2 '06 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál..

Í framhaldi af umfjölluninni vill stjórnin koma eftirfarandi á framfæri:

Stjórn SSS telur eðlilegt að orkusvirktaekin séu rekin í formi hlutafélaga þegar um er að ræða samkeppnisrekstur eins og nú er.

Stjórn SSS lýsir efasemdum sínum vegna 3. greinar frumvarpsins þar sem kveðið er á um að öll hlutabréf í félaginu skuli vera eign ríkissjóðs og að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Stjórn SSS telur eðlilegt að ríkissjóður hætti rekstri sölu- og dreifiveitna og selji a.m.k. þann hluta fyrirtækisins. Gangi það ekki eftir gerir stjórn SSS athugasemdir við að iðnaðarráðherra fari með hlut ríkisins í hlutafélaginu og vekur athygli á hlutverki iðnaðarráðherra sem felur í sér faglega yfirstjórn orkumála í landinu og telur það ekki samrýmast að fara jafnframt með eignarhlut í samkeppnisfyrirtæki. Stjórn SSS telur það betra fyrirkomulag að fjármálaráðherra færi með eignarhlutann fyrir hönd ríkisins vegna hættu á hagsmunarárekstri.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/957
komudagur 22. 2. 2006



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21.02.2006

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál

Þáttaskil urðu í orkumálum hér á landi með setningu raforkulaga nr. 65/2003 og tengdum lagabreytingum, en þær hafa komið til framkvæmda í áföngum. Með löggjöfni er leitast við að skilja í sundur náttúrulega einkasölupætti í raforkuviðskiptum og starfsemi þar sem samkeppni verður við komið. Í þessu felst að skapaðar eru forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og sölu raforku en um leið stuðlað að hagkvæmni og skilvirkni í flutningi og dreifingu raforku. Með þessari breyttu skipan er horfið frá fyrirkomulagi þar sem einkasöluréttur opinberra fyrirtækja hefur verið allsráðandi en stefnt að markaðskerfi og þjóðhagslega hagkvæmum raforkubúskap.

Samtök atvinnulífsins telja að frumvarp um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins feli í sér nauðsynlegt og eðlilegt skref í framangreindri stefnumörkun. SA eru sammála þeim röksemdum sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið að hlutafélagsformið sé heppilegasta rekstrarformið fyrir starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. SA telja þó að til lengdar sé ekki skynsamlegt að gera ráð fyrir því að öll hlutabréf í félaginu verði í eigu ríkissjóðs, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 132/1130
komudagur 2.3.2006

2. mars 2006

Alþingi,
Iðnaðarnefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingmál 392, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins, gegnum Samtök fjármálafyrirtækja, og taka undir umsögn SA um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/a61
komudagur 22. 2. 2006.



Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 22. febrúar 2006

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál.

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Samtökin styðja að stofnað verði hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins en telja að stofna beri tvö aðskilin hlutafélög um starfsemina. Með því móti má skjóta styrkari fótum undir samkeppni á framboðshlið raforkumarkaðarins og stuðla að því að markmið nýrra raforkulagalaga náist.

Rafmagnsveitur ríkisins (Rarík) framleiða, dreifa og selja raforku og varmaorku. Fyrirtækið kemur einnig að flutningi á raforku með eignaraðild að Landsneti. Dreifing og flutningur raforku og varmaorku, ásamt sölu á varmaorku, er sérleyfisstarfsemi en framleiðsla og sala á raforku er samkeppnisstarfsemi.

Samtök iðnaðarins telja að það hái samkeppni á raforkumarkaði að eignarhald er á fárra höndum og sömu aðilar eiga að stórum hluta orkuframleiðslu, flutningsnet, dreifikerfi og söluþyrirtækin. Vandséð er hvernig samkeppni geti þrífist þegar eignarhaldið er sameiginlegt út allt framleiðsluferlið.

Þessu til stuðnings er bent á skýrslu EFTA Surveillance Authority (ESA), „Energy Sector Inquiry - Preliminary Report“ sem kom út 16. febrúar 2006. Þar er talin ástæða til að skoða nánar sameiginlegt eignarhald framleiðslu og flutnings samt lóðréttu samþættingu dreifingar og sölu, og hvaða áhrif það hefur á samkeppni á markaðnum, sbr. 109. mgr. skýrslunnar:

„It is important to note that Iceland is at an early stage of the liberalisation process. It may therefore, be premature to determine whether competition is functioning effectively at the present time given that the market has only recently been subject to competitive forces. However, based upon the responses to the Sector Inquiry and from an examination of available information on market conditions, the following issues may warrant further consideration:

- *market concentration in generation and sales;*
- *cross ownership of generators and TSO;*
- *vertical integration between distribution and retail;*
- *lack of spot market means capacity must be committed to fixed contracts which might promote further vertical integration; and*
- *increased prices since liberalisation. ”*

Samtökin gera auk þess athugasemd við að í frumvarpinu kemur ekki fram hvað verður um 24% eignarhluta Rarik í Landsneti en nauðsynlegt er að skýra það.

Með stofnun hlutafélags um Rarik gefst tækifæri til að skilja á milli sérleyfisreksturs og samkeppnisreksturs og Samtökin telja að það sé heppilegra að hafa þá starfsemi aðskilda í tveimur félögum ef ætlunin er að stuðla að markaðsvæðingu og samkeppni á raforkumarkaði.

SAMTÖK IÐNAÐARINS,


Bryndis Skúladóttir

Alþingi
Erindi nr. P 132/959
komudagur 22.2.2006.



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara iðnaðarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 21.02.2006
Tilv. 2005/0037
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 392. mál, frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 8. febrúar sl., um ofangreint þingmál.

Ég geri ekki athugasemdir við stofnun hlutafélags um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins enda er ljóst að tilgangur rekstrarins verður öðrum þræði arðsemi í samkeppnisrekstri. Í því sambandi vísa ég til þess að komið hefur verið á nokkru frelsi í framleiðslu og sölu á raforku og vegna fjölda raforkufyrirtækja eru fyrir hendi raunverulegar forsendur til samkeppni á þeim markaði. Sá hluti starfseminnar sem ekki er á samkeppnismarkaði er háður sérleyfi og lýtur eftirliti Orkustofnunar.

Geri ég ráð fyrir að frumvarpið geti orðið að lögum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru vegna þeirra tímamarka sem þar koma fram.

Þá legg ég til að hlutafélagið verði ekki kennt við Rafmagnsveitur „ríkisins“ samhliða því að mörkuð verði sú stefna að fyrirtæki í hlutafélagsformi sem ætlað er að stunda samkeppnisrekstur með arðsemismarkmið séu ekki kennd við ríkið – hvað sem líður eignarhaldi.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

Alþingi
Erindi nr. P 132/1483
komudagur 28.3.2006



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis
iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

24. mars 2006

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20060200065/KG


Frumvarp til laga stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður